

Nd.

46. Frumvarp til laga

[39. mál]

um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og endurlána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43 frá 1951 var ríkisstjórninni veitt heimild til 15 millj. kr. lántöku til framkvæmda í þágu landbúnaðarins.

Í samræmi við þessa heimild hefur ríkisstjórnin nú að undanfögnu staðið í samningum við Alþjóðabankann í Washington um lán úr bankanum í þessu skyni. Er samningum nú að mestu lokið, og má gera ráð fyrir, að lánsupphæðin verði um 17—18 millj. króna, en til þess að hafa lánsheimildina nægilega rúma er hér farið fram á, að hún verði allt að 20 millj. króna. Af formsástæðum er æskilegt, að lánsheimildin sé í sérstökum lögum, og verður þá að sjálfsögðu eigi notuð heimildin í lögum nr. 43 frá 1951.